	<p>Lausnateymið byrjar að taka við umsóknnum</p>	<p>Kennarar raða nemendum í þriggja þrepa forvarnarlíkan . ..\Forvarnarþríhyrningur\13a.forvarnarþríhyrningur_siduskola.docx..\Forvarnarþríhyrningur\úrvinnsla úr þríhyrningi.docx</p>		

* Hver kennari flettir upp á kaflanum um bekkjarstjórnun í SMT möppunni í upphafi skólaárs, upprifjun. Upplýsingar eru undir flipa 11.

**Nota lausnaleit við þá vinnu. Bekkir semji bekkjarsáttmála eða bekkjarreglur um ákveðna valda þætti, þeirra orð sett á reglur skólans.

***Fara í gegnum hvernig nemendum gengur að leiða hjá sér óæskilega hegðun. Hægt að nota tímamælingar og setja árangur upp myndrænt.




Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
<p>100 miða leikurinn 11.-22. janúar ..\Leikir\100 miða leikur\100 MIÐA LEIKURINN.doc</p> <p>Upprifjun á reglum skv. Kennsluáætlun</p> <p>Þessi mánuður er tileinkaður ábyrgð</p> <p>Regla mánaðarins **</p>	<p>Áframhaldandi upprifjun á reglum skv. Kennsluáætlun</p> <p>Þessi mánuður er tileinkaður virðingu</p> <p>Regla mánaðarins **</p>	<p>Þessi mánuður er tileinkaður virðingu</p> <p>Regla mánaðarins **</p>	<p>Hrósmiðaátak 4.-8. apríl.</p> <p>Þessi mánuður er tileinkaður vináttu</p> <p>Regla mánaðarins **</p>	<p>Þessi mánuður er tileinkaður ábyrgð</p> <p>Regla mánaðarins **</p>	
<p>Starfsmannafundur 4. janúar</p>					<p>Starfsmannafundur</p>

*Hver starfsmaður gefur 5 hrósmiða á dag og umsjónakennarar reyna að sjá til þess að allir nemendur fái að minnsta kosti einn hrósmiða á þessu tímabili.

**SMT-teymi velur reglu hvers mánaðar og hengir á SMT-töfluna og birtir á upplýsingaskjá, kennarar merkja við þegar þeir hafa tekið hana fyrir.

AGA FERLI SMT Í SÍÐUSKÓLA

Agiferli SMT í Síðuskóla



Viðmið um hegðunarfrávik og afleiðingar

1. stigs

Hegðunarfrávik:

- ❖ Þras/ögrun/rifrildi
- ❖ Truflar athafnir/leiki eða vinnu annarra
- ❖ Gengur illa um
- ❖ Snertir/togar/ýtir öðrum
- ❖ Annað

Afleiðingar:

- ❖ Leyst á staðnum og/eða skráð á stoppmiða í Mentor.
- Umsjónarkennari látinn vita. Haft samband við

2. stigs

Hegðunarfrávik:

- ❖ Særandi/niðrandi orðbragð
- ❖ Neitar að fylgja fyrirmælum/óhlýðni
- ❖ Ósannsögli/svindl
- ❖ Áreiti/stríðni
- ❖ Brýtur ítrekað skólareglu

Afleiðingar:

- ❖ Stoppmiði skráður í Mentor og foreldrar látnir vita.
- Umsjónarkennari látinn

3. stigs

Hegðunarfrávik:

- ❖ Ofbeldi/slagsmál/ ógnandi hegðun
- ❖ Skemmdarverk
- ❖ Þjófnaður
- ❖ Annað (vopn, eldfæri, reykingar, fíkniefni)

Afleiðingar:

- ❖ Nemandi er fjarlægður úr aðstæðum, lýkur skóladegi hjá stjórnendum eða sóttur af foreldri. Stoppmiði skráður í Mentor.
- Umsjónarkennari látinn vita

Á hverju skólaári eru 2 stoppmiðatímabil.

Skráningatímabil miðast við áramót

Stoppmiðanum komið til ritara sem skráir hann í Mentor. Ritari safnar í möppu. Kennarar geta einnig skráð stoppmiða í Mentor. Skrá skal fremst í dagbókina **Stoppmiði og muna að velja staðsetningu og o.s.frv. í flipunum. Einnig þarf að senda tilkynningu um skráninguna á umsjónarkennara.**



Eftir 3 stoppmiða á hvoru stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið **3 stoppmiða**.



Eftir 5 stoppmiða á hvoru stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið **5 stoppmiða** og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.

Hafi nemandi fengið fleiri en einn stoppmiða fylgja því aðrar afleiðingar en koma fram í ferlinu hér á undan. Nauðsynlegt er að reyna að tengja saman eðli brotsins og afleiðingu þegar ákveðin leið er valin t.d. þegar nemendur flokka ekki rétt gætu þeir farið og tínt rusl eða ef þeir ganga ekki frá hreinu borði þá gætu þeir farið í þrif í matsal.

Möguleikarnir eru:

- ❖ Vísu nemandanum til **umsjónarkennara eða skólastjórnenda.**
- ❖ Missa ákveðin **forréttindi**. Sjá töflu
- ❖ Samband haft við foreldra. **Umsjónarkennari** sér um það en **faggreinakennari** getur gert það í samráði við umsjónarkennara.
- ❖ Foreldri sækir skóla með nemanda.
- ❖ Bæta tjón sem nemandi veldur af ásetningi, **skólastjóri** og **húsvörður** sjá um það.
- ❖ Einvera hjá **skólastjórnendum**.
- ❖ Vinna ákveðin uppþotarverkefni samkvæmt verklýsingu. Sjá töflu
- ❖ Vísu honum úr kennslutíma til **skólastjórnanda**.
- ❖ Nemandi lærir fram á gangi ef hann sinnir ekki náminu í kennslustofunni.
- ❖ Tímabundin brottvísun úr skóla og sækja þá foreldrarnir börnin. **Umsjónarkennari og skólastjóri** taka þessa ákvörðun.

- ❖ Brottvísun úr skóla samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. **Skólastjóri** tekur ákvörðunina.
- ❖ Annað _____

Verkfærakassi SMT



Dæmi um forréttindamissi	Dæmi um uppbótarverkefni
<ul style="list-style-type: none"> ❖ Fá ekki að fara í frímínútur og situr þá í einveru eða við að læra hjá skólastjórnendum, skólaliðar geta einnig sinnt þessu. ❖ Fá ekki að fara í ballskák (billjarð) eða borðtennis í frímínútum eða hádegi. Starfsmaður á frímínútnavakt sér um það sem tilheyrir salnum og skólaliðar sjá um C-gang. ❖ Missa af ferðum (sem stutt er í). Umsjónarkennari og skólastjórnandi taka ákvörðun. ❖ Fá ekki að fara í ákveðnar kennslustundir. 	<ul style="list-style-type: none"> ❖ Þrifa að hámarki tuttugu stóla og tíu borð í matsal í umsjón skólaliða. ❖ Þrifa óhreinar bækur á bókasafni í umsjón bókavarðar. ❖ Eftirseta í lok skóladags vegna slakrar vinnusemi í skólanum í umsjón námsráðgjafa eða stjórnanda. ❖ Flokka spil og fleira í hillum á göngum í umsjón kennara, stjórnanda, skólaliða eða húsvarðar. ❖ Ydda blýanta í umsjón kennara, stjórnanda eða skólaliða. ❖ Raða einhverju sem þörf er á t.d. á þeirra gangi í umsjón kennara, stjórnanda eða skólaliða.

Til minnis:

UMHVERFISMENNT

Markmið umhverfismenntar í skólanum er að efla þekkingu, skilning og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Að hver einstaklingur spyrji hvað get hann geti gert til að stuðla að sjálfbærri þróun. Vinnubrögð og hegðun leiði til þess að við höfum jákvætt viðhorf til umhverfisins, berum virðingu fyrir því og finnum farsælar lausnir á vandamálum sem steðja að. Til að ná þessum markmiðum fylgjum við sjö skrefum Grænfánaverkefnisins hjá Landvernd og höfum sett okkur umhverfisreglur.

Í skólanum starfar umhverfis-og útikennslunefnd og er tilgangur hennar að stuðla að því að vel sé unnið að umhverfismennt í skólanum. Nefndinni er ætlað að taka ákvarðanir varðandi stefnu í umhverfismennt og fylgjast með framkvæmd hennar sem og að kynna hana innan skólans og utan. Að hausti setur umhverfisnefnd skólanum markmið sem sérstaklega skal vinna að yfir skólaárið og gerir áætlun um aðgerðir. Að vori er staðan metin.

Nefndin hittist a.m.k. fjórum sinnum hvert skólaár. Umhverfisfulltrúi boðar til og stjórnar þeim fundum og skipar fundarritara. Á fundum eiga allir jafnan rétt til að koma með tillögur og taka þátt í umræðum. Þær ábendingar sem fulltrúum í umhverfisnefnd berast frá nemendum eða starfsmönnum eru ræddar á fundum nefndarinnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Fulltrúar nemenda í umhverfis-og útikennslunefndinni koma úr bekkjardeildum með slétta tölu. Þar af leiðandi eru nýir fulltrúar valdir á hverju vori fyrir næsta skólaár.

Umhverfis-og útikennslunefnd Síðuskóla veturinn 2015-2016 er skipuð:

Hafdís Kristjánsdóttir formaður

Guðrún Níelsdóttir bókavörður

Gunnlaugur Jóhannsson kennari

Sara Svanlaugsdóttir kennari

Sigrún Birna Sigtryggsdóttir kennari

Sigrún Sigurðardóttir kennari

Berghildur Þóroddsdóttir foreldri


Fulltrúar nemenda eru:

- 10. bekkur. Gunnar Ögri Jóhannsson, Sunna Steingrímsdóttir, Brynja Rún Guðmundsdóttir og Ólöf Rún Jónsdóttir
- 8. bekkur. Birgitta Rún Steingrímsdóttir, Laufey Anna Egilsdóttir, Daníel Orri Helgason og Unnar Hafberg Rúnarsson
- 6. bekkur. Guðmundur Steinn Egilsson og Sara Dögg Sigmundsdóttir
- 4. bekkur. Birta Mjöll Valdimarsdóttir, Daníel Hrafn Ingvarsson, Stefanía Ýr Arnardóttir, og Viktor Smári Inguson
- 2. bekkur. Egill Orri Arnarsson og Ásthildur Eva Árnadóttir

ÞRÓUN OG ENDURMENNTUN

ENDUMENNTUNARÁHERSLUR 2015-2016

Ferli um gerð og viðhald starfsþróunaráætlunar



Starfsþróun er samstarfsverkefni hvers starfsmanns og skólans sem stofnunar. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki. Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana.

Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika og tekur einnig virkan þátt í gerð starfsþróunaráætlunar skólans. Starfsfólk greinir skólastjóra frá þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um starfsþróun sína og tímamagn sem í þessi hana fer. (Eyðublað á samgögnum í tölvukerfi skólans: Slóð: starfsfólk/frá skólastjóra/starfsþróun í Síðuskóla/Eyðublað yfir starfsþróun). Þessa samantekt kynnir starfsmaðurinn í starfsmannaviðtali ár hvert og skilar til stjórnenda í

byrjun nýs skólaárs. Stjórnendur sjá um að staðfesta starfsþróun og halda utan um hana. Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsráðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.

Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN SÍÐUSKÓLA 2015-2016

Dags	Ágúst	dags	September
7.	Byrjendalæsi fyrra ár		Starfsáætlun birt
10. - 11.	Byrjendalæsi seinna ár		Þróunarverkefni læsi
12.	Menntabúðir um læsi		Smiðjur Byrjendalæsi
18.	Samskipti á vinnustað		Teymisvinna
18.	Reiði- og agastjórnun		Stærðfræði miðstig
19.	Teymisvinna		Námskeið í útiildum
20.	Fríminútnagæsla		
Dags	ÁGÚST	dags	SEPTEMBER
18/08	Kl. 12:30: Reiði og agastjórnun: Hrund Þráinsdóttir(aðrir en kennarar)	10/9	Skyndihjálp: Viðbrögð við bráðaofnæmi, sykursýki o.fl. Anna Sigrún/Alma
20/8	Kl. 12.30 Fríminútnagæsla og leikjastjórnun. Sonja Sif Jóhannsd.		Leshópur í stæ-yngsta stig
	Hópeflisferð starfsfólks – ganga/grill		Byrjendalæsi/leiðtoganám
			Notkun forrita í kennslu
			Læsi
Dags	OKTÓBER	dags	NÓVEMBER
	Kennaraheimsóknir á milli skóla		Námskeið í skyndihjálp
22.-23	Námsferð alls starfsfólks fyrir haustfríi		Notkun forrita í kennslu
	Notkun forrita í kennslu		Læsi
	Læsi		Leshópur í stæ-yngsta stig
	Leshópur í stæ-yngsta stig		Google umhverfið
27/10	Heimsókn stjórnenda í kennslustundir og fundir með kennarateymum í kjölfarið.		
	Google umhverfið		
Dags	DESEMBER	dags	JANÚAR
	Læsi		Læsi
	Notkun forrita í kennslu	4/01	Skipulagsdagur/Anna Lind SMT
	Leshópur í stæ-yngsta stig		
Dags	FEBRÚAR	dags	MARS
	Læsi		Læsi
	Leshópur í stæ-yngsta stig		Leshópur í stæ-yngsta stig
	Notkun forrita í kennslu		Notkun forrita í kennslu
	Google umhverfið		Einkenni ofbeldis og misnotkunar- Alma hjúkrunarfræðingur
	Heimsókn stjórnenda í kennslustundir og fundir með kennarateymum í kjölfarið.		

dags	APRÍL	dags	MAÍ
	Læsi		Læsi
	Notkun forrita í kennslu		Notkun forrita í kennslu
	Leshópur í stæ-yngsta stig		Leshópur í stæ-yngsta stig
dags	JÚNÍ		
	Mat á umbótaáætlun		
	Mat á nýjungum í kennsluháttum		
	Skólapúlsinn		
	Nefndir og ráð skil		

Birt með fyrirvara um breytingar

STOFNANABUNDIN STARFSÞRÓUN:

Markmiðavinna áframhald - skólanámskrárvinna

Innleiðing grunnþátta menntunar- skólanámskrárvinna

Áherslur í læsi: Samræða til náms með Oddeyrar- og Glerárskóla

Reglulegir samráðsfundir með greinakennurum í öðrum skólum allan veturinn.

SMT skólafærni

Byrjendalæsi

Efling foreldrasamstarfs

Umhverfismennt

NEFNDIR OG RÁÐ**Árshátíðarnefnd**

Jóhanna Jessen, Arnfríður Jóhannsdóttir, Rannveig Heimisdóttir, Marta A. Hinriksdóttir, Kristín Haraldsdóttir

Erlent samstarf um forritun

Sigurður Freyr Sigurðsson, Björk Jónsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir

Heilsueflyingarnefnd

Katrín María Hjartardóttir, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir

Innra mats nefnd

Margrét B. Tómasdóttir, Björk Jónsdóttir, Sigurður Arnarson

Læsisnefnd

S. Elva Ólafsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Guðrún Níelsdóttir

Skólanámskrárnefnd

Margrét Baldvinsdóttir, Sigrún Ásmundsdóttir

SMT Lausnateymi

Rannveig Heimisdóttir, Svanborg Guðgeirsdóttir, Þuríður Anna Hallgrímsdóttir, Helga Dögg Jóhannsdóttir

SMT-stýrihópur

Sigurbjörg Bjarnadóttir, Sigrún Ásmundsdóttir, Hrönn Bessadóttir

Skólaþróunarteymi

Hulda Guðný Jónsdóttir, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir

Stigstjórar

Anna Sigrún Rafnsdóttir, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir

Upplýsingateymi

Hulda Guðný Jónsdóttir, Hrönn Bessadóttir

Auk þess sem starfsmenn sækja framangreind námskeið eða fræðslu geta þeir hugsanlega valið önnur tilboð sem bjóðast t.d. hjá endurmenntunarstofnunum og fleiri aðilum. Það er þó alltaf háð ákvörðun skólastjóra hvort námskeið telst hluti af endurmenntunaráætlun starfsmanns og hvort skólinn tekur þátt í fjármögnun þess. Þá geta starfsmenn nýtt sér aðrar aðferðir til símenntunar s.s. að stofna leshringi, námshópa, nota félagastuðning o.fl. Auk þess sem starfsfólk skóla tekur þátt í þeirri starfsþróunaráætlun sem skólinn gerir fyrir allt starfsfólk, þá er hverjum starfsmanni ætlað að halda utan um þau námskeið, fræðslufundi og formlegt einingabært nám sem viðkomandi sækir. Kennarar halda einnig utan um þá starfsþróunartíma sem kjarasamningar þeirra kveða á um að fram fari utan starfstíma skóla. Þannig getur hver starfsmaður gert sér grein fyrir allri þeirri fræðslu sem viðkomandi hefur sótt sér hvert skólaár, auk þess sem stjórnendur geta fylgst með virkni og námskeiðssókn starfsmanna.

INNRA MAT

Unnið verður að því að framfylgja umbótaáætlun vegna ytra mats haustið 2014 og leggja mat á hvernig til tekst. <http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/Umbotaaetlun2015-2016.pdf>

Matsteymi skólans leggur áherslu á að skilgreina leiðir í mati og vinna að innra mati í samvinnu við annað starfsfólk skólans. Rýnt er í fyrirliggjandi gögn s.s. Skólapúlsinn og frammistöðumat ásamt niðurstöðum prófa og kannana. Kannanir verða lagðar fyrir. Einnig verða áhorf og viðtöl notuð til að leggja mat á skólastarfið. Áherslur í innra mati skólaárið 2015-2016 verða eftirfarandi:

- Skólanámskrá
- Nám og kennsla
- Námsárangur
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi

STOÐÞJÓNUSTA

Samkvæmt 2. grein grunnskólalaga skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Áherslur í sérkennslu mótast af þessari lagagrein. Sérkennsla er stuðningur við nemanda eða nemendahóp sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings í lengri tíma jafnvel alla skólagönguna. Aðstoðin sem veitt er fer eftir aðstæðum hvers nemanda, en sérkennslan felur í sér breytingu á námsmarkmiðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Aðstoð við sérkennslunemendur fer ýmist fram inni í bekk nemandans, í smærri hópum eða einstaklingslega eftir því sem best þykir henta hverju sinni. Sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að úrbótum fyrir nemandann í samstarfi við foreldra.

Skólanefnd úthlutar á hverju vori tilteknum kennslustundum til sér- og stuðningskennslu í skólanum. Sérkennslan er skipulögð af fagstjóra í sérkennslu í samvinnu við skólastjórnendur.

LAUSNATEYMI

Við skólann er starfandi lausnateymi sem er hluti af SMT skólafærni. Það vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa og geta kennarar óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Lausnateymið kemur með tillögu að úrræðum og fylgir

NEMENDAVERND

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð. Hlutverk þess er að fjalla um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leita úrræða á vandamálum sem upp koma. Ráðið kemur saman tvisvar í mánuði.

Í nemendaverndarráði 2014-2015 eru:

Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri

Anna Bergrós Arnarsdóttir, deildarstjóri

Sigurbjörg Bjarnadóttir, sérkennari

Elva Ólafsdóttir, sérkennari

Þuríður Anna Hallgrímsdóttir, námsráðgjafi

Alma Rún Stígsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Einnig mætir á fundina fulltrúi frá skólategymi fjölskyldudeildar eða barnavernd.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í skólanum er starfandi námsráðgjafi í 75 % starfi. Hann starfar samkvæmt starfslýsingu/ erindisbréfi námsráðgjafa við grunnskóla Akureyrarbæjar. Hann sinnir fyrirbyggjandi starfi, s.s.. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skólans og aðra. Einnig situr hann í nemendaverndarráði, áfallaráði og forvarnarnefnd.

Sjá nánar á heimasíðu Skólinn/námsráðgjafi

Námsráðgjafi skólans er Þuríður Anna Hallgrímsdóttir

FORVARNARFRÆÐSLA

Forvarnarfulltrúi og námsráðgjafi hafa samráð um forvarnarfræðslu í skólanum. Hér má sjá hvaða áherslur eru í hverjum bekk fyrir sig. Stundum kemur tilboð um fræðslu frá utanaðkomandi aðilum og er það þá í samráði við stjórnendur, forvarnarfulltrúa og námsráðgjafa hvort boðið er þegið að teknu tilliti til forvarnarstefnu bæjarins.

2. Bekkur:

Námstækni/starfsfræðsla (ÞH) des.
Brúðuleikhúsið, krakkarnir í hverfinu

3. Bekkur:

Námstækni/starfsfræðsla. Störf in í skólanum, des.
Leyndarmálið, mars.

4. Bekkur:

Fjársjóðsleit in sept. –okt.
Námstækni/starfsfræðsla. Draumastarfið nóv.

5. Bekkur:

Námstækni, nóv.
Stattu með þér, nóv.
Starfsfræðsla. Mikilvægt starf. jan.
Ég er eins og ég er. 1. feb. 8:40 og 9:45

6. Bekkur:

Námstækni, nóv.
Fjölmenningarfræðsla, 16. feb. Kl. 8 og 8:40.
Starfsfræðsla, Fyrirtækin í hverfinu, mars
Vís vika? Maí

7. Bekkur:

Námstækni, sept.
Aflið 9. -13. nóv. (Tímasetning síðar)
Allir hinir mega það. 4. -8. jan. (Tímasetning síðar)
Hinsegin 14. mars. kl. 9:45 og 10:25
Starfsfræðsla, tölvuverkefni apríl.

8. Bekkur:

Námstækni
Eineltismynd 8. nóv.
Starfsfræðsla nóv. - des
Vímuvarnir des. (Samkomulag við Lindu)
Sigga Dögg 12. janúar kl. 9:30-10:30

Saftfræðsla 14. apríl kl. 11:35

Vís vika? Maí

9. Bekkur:

Námstækni, sept.

Forvarnardagur 1. okt. (hinsegin)

Geðrækt 15. Okt. Kl. 8 og 8:40

Aflið 9. – 13. Nóv.

Heimilisofbeldi 9. B: 25. nóv. Kl. 8 og 9. BJ: 2. Des. kl. 8

Starfskynningar. Janúar

Fáðu já. Janúar

Jafnréttisfræðsla? Síðustu viku í mars

10. Bekkur:

Námstækni x 2, sept.

Námshringur okt.

Brautir í framhaldsskólum.

Heimsóknir í framhaldsskóla 3. og 6. nóv.

Watch? Des.-jan. ÞH

Bendill áhugasviðskönnun 4 kst. janúar

Þorgrímur Þráinsson 16. feb. kl. 10:25

Vímuvagnarfræðsla 5. og 12. apríl kl. 10:25

Starfskynningar?, apríl

Eining Iðja 3. maí kl. 10:25

RÁÐGJÖF TIL SKÓLANS

Síðuskóli á samstarf við marga aðila utan skólasamfélagsins. Þeir helstu eru skóladeild, fjölskyldudeild og Háskólinn á Akureyri.

Skóladeild Akureyrarbæjar er í Glerárgötu 26. Þar er fræðslustjóri með starfsfólki sínu, m.a. rekstrarstjóra sem vinnur með skólastjórum að rekstrarmálum. Fræðslustjóri er Soffía Vagnsdóttir og rekstrarstjóri er Árni Konráð Bjarnason. Ingibjörg Sigríður Hjartardóttir sálfræðingur og Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafi eru tengiliðir við Síðuskóla.

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er í Glerárgötu 26. Barnaverndarteymi og skólateymi fjölskyldudeildar þjónustar skólann. Barnaverndarteymi vinnur að málum sem falla undir barnaverndarlög. Þar eru sálfræðingar, félagsráðgjafar og annað sérhæft starfsfólk sem hægt er að leita til. Í skólateyminu starfa sérkennsluráðgjafar og sálfræðingar. Okkar tengiliður er Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafi og Ingibjörg Sigríður Hjartardóttir sálfræðingur. Hlutverk skólateymis er að veita fjölskyldum og skóla sérfræðiaðstoð vegna námsörðugleika og uppeldis- og félagslegra mála.

Háskólinn á Akureyri veitir skólanum ráðgjöf og aðstoð en skólinn getur leitar til Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri varðandi aðstoð við lausn ýmissa vandmeðfarinna mála. Á sama stað er hægt að leita eftir ýmissi þjónustu s.s. varðandi skólaþróun, mat á skólastarfi og símenntun kennara.

HEILSUGÆSLA

Heilsugæslu í grunnskólum á Akureyri er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá heilsugæslustöðinni á Akureyri.

Hjúkrunarfræðingur Síðuskóla er Alma Sif Stígsdóttir. Viðverutími hennar er mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 08:00-14:00. Á þessum tíma situr Alma jafnframt fundi jafnt innan skóla sem utan. Netfang Ölmur er almas@akmennt.is

Skólalæknir Síðuskóla er Guðjón Ingvi Geirmundsson.

Hlutverk heilsugæslu í skólum

Heilsugæsla í skólum er framhald af ung- og smábarnavernd og felst í reglubundnum skimunum og eftirliti, fræðslu og teymisvinnu kringum einstaka mál. Starfsemi skólaheilsugæslu er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda.

Viðfangsefni og áherslupættir skólaheilsugæslunnar hafa verið að þróast og breytast undanfarið og er skipulögð heilbrigðisfræðsla og hvatning til heilbrigðra lífshátta nú að jafnaði að taka meiri tíma af starfi skólahjúkrunarfræðinga. Byggt er á hugmyndafræðinni um hin 6-h heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Eftir fræðslu fá börn fréttabréf með sér heim og gefst þá foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geti nýtt sér það í daglegu lífi.

Á heimasíðu Miðstöðvar heilsuverndar barna má finna nánari upplýsingar um heilsugæslu í skólum og ráðleggingar til foreldra um heilbrigðistengd málefni.

Slys og óhöpp á skólatíma

Það er ekki hlutverk skólahjúkrunarfræðings að vera með slysamóttöku í skólanum. Eftir sem áður veitir skólahjúkrunarfræðingur fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum og er starfsfólki skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf.

Ef smáslys eða óhapp verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slyshadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni. Foreldrum er bent á að snúa sér til heimilislæknis og Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri með heilsufarsmál sem ekki teljast til skólaheilsugæslu.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk skólaheilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

Ef foreldrar/forráðamenn vilja ekki að börn þeirra taki þátt í einhverju af því sem er á verkefnalista eru þeir beðnir um að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing sem fyrst. Ef ekki heyrst frá foreldrum verður það skoðað sem samþykki.

Lyfjagjafir

Samkvæmt tilmælum frá landlækni verða engin lausasöluþyfl hjá skólahjúkrunarfræðingi og eiga börnin ekki að fá nein önnur lyf í skólanum en þau sem lækni hefur ávísað á þau. Foreldrar /forráðamenn þeirra barna/unglinga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Lús

Við viljum minna fólk á að skoða reglulega hár barna sinna og láta skólahjúkrunarfræðing vita ef lús finnst. Við verðum að standa saman og gera viðeigandi ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessa aðskotadýrs.

Nánari upplýsingar um lúsina og viðbrögð má finna hér og á heimasíðu landlæknis.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

FORFÖLL OG LEYFI NEMENDA

Veikindaforföll nemenda ber að tilkynna til ritara í upphafi hvers skóladags símleiðis eða með skráningu á Mentor. Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara, en sé um lengri tíma að ræða en tvo daga skal sækja um það hjá skólastjóra eða deildastjóra. Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir því að nám barnanna er á ábyrgð foreldra meðan á leyfi stendur.

Leyfi vegna íþróttá- eða félagsstarfa þurfa foreldrar að sækja um með tveggja daga fyrirvara til skólastjórnenda eða umsjónarkennara.

Telji forráðamaður veður eða veðurútlit varhugavert ber honum að meta hvort óhætt er að senda barn í skólann. Sé barn heima vegna veðurs þarf að tilkynna það til ritara. Í mjög slæmum veðrum er skólastarfi aflýst í grunnskólum Akureyrar og er það gert í útvarpi.

ÁSTUNDUN

Góð ástundun er mikilvægur þáttur í vellíðan nemenda og að þeir nái árangri í námi og taki framförum. Í skólanum er haldið skipulega utan um ástundun nemenda í Mentor. Notað er punktakerfi sem er fyrst og fremst hugsað sem skráningarkerfi um mætingu nemenda.

MÖTUNEYTI OG NESTI

Mikilvægt er að nemendur fái holla fæðu og í mötuneyti skólans er hægt að kaupa heitan mat í hádeginu. Foreldrar eru hvattir til að skrá börnin í mat í mötuneytinu. Einnig er hægt að vera í áskrift af mjólk til að neyta í nestistímum. Foreldrar þurfa að skrá nemendur í mat og til að fá mjólk í nestistímum á matartorg.is sem er skráningarsíða skólamötuneyta.

Hægt er að vera í annaráskrift sem þýðir að barnið er í mat alla skóladaga. Skráning í annaráskrift fer fram í ágúst fyrir haustönnina og í desember fyrir vorönnina. Einnig er hægt að kaupa stakar máltíðir og eru börnin þá skráð mánaðarlega í mat.

Ritari skólans (Svava) veitir nánari upplýsingar um skráningu í mat. Matráður Síðuskóla er Hulda Einarsdóttir.

Boðið er upp á hafragraut á morgnana frá klukkan 7:45 til 8:00 nemendum og starfsfólki að kostnaðarlausu.

FRÍSTUND

Frístund er skólavistun sem er fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur hjá þeim á daginn.

Markmið Frístundar er að sameina uppeldi og menntun við hæfi þeirra barna sem vistunar njóta, og örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að efla sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu.

Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum þar sem áhersla er lögð á frjálstan leik, því um er að ræða frítíma barnanna. Fatnaður, skór, skólatöskur og leikfimipokar þurfa að vera merkt, svo hægt sé að finna eigendur.

Foreldrar greiða skólavistun eftir dvalartíma barns, en 20 tímar eru innifaldir í lágmarksgjaldi, skrá þarf fyrir 20. hvers mánaðar. Það er mjög mikilvægt að þessari reglu sé framfylgt vegna skipulags starfsins. Mikilvægt er að láta vita um forföll í skólavistun og ef breytingar verða á tíma barnsins miðað við skráningu.

Á skipulagsdögum, prófadögum, viðtalsdögum, árshátíð og litlu jólum er Frístund opin öllum nemendum í 1. – 4. bekk á þeirra skólatíma. Foreldrar skulu hafa samband við forstöðumann fimm dögum fyrr ef þeir vilja nýta þessa þjónustu. Frístund hefur þrjá skipulagsdaga á skólaárinu en í ár verða það tveir heilir dagar og tveir hálfir.

Umsjónarmaður frístundar er Guðmundur Rúnar Helgason.

Skipulagsdagar í frístund Tveir heilir/tveir hálfir

Skipulagsdagar í frístund	Tveir heilir/tveir hálfir dagar
2. október	Lokað hálfan daginn (eftir hádegi)
22. október	Lokað allan daginn
23. október	Lokað allan daginn
4. janúar	Lokað hálfan daginn (eftir hádegi)

TÓMSTUNDASTARF OG FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda í tengslum við skólastarfið er margvíslegt. Bekkjarráð er í öllum bekkjum skólans sem valið er í á hverju hausti. Það sér um ýmis konar uppákomur í hverjum bekk fyrir sig.

Stór hluti nemenda tekur á einn eða annan hátt þátt í árshátíð skólans og á öðruvísi dögum koma allir í óvenjulegum fatnaði og hafa tilbreytingu í fatnaði.

Íþrótt- og tómsundaráð Akureyrar býður upp á margvíslegleg námskeið utan skólatíma.

Linda Björk Pálsdóttir er forvarna -og félagsmálafulltrúi við skólann. Hún heldur utan um félagsstörf á vegum Akureyrarbæjar. Þar má nefna félagsmiðstöðina Undirheima sem starfsrækt er í skólanum. Hún hittir einnig nemendur í frímínútum og sér um ýmis námskeið fyrir unglinga s.s. sjálfstyrkingarnámskeið.

Boðið er upp á fjölbreytta klúbbstarfsemi og einnig opin hús, þannig að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Auk þess eru fjölmargir sameiginlegir viðburðir eins og söngkeppni, hönnunarkeppnin Furðuverk, stuttmyndahátíðin Stulli og ferðalög á viðburði á vegum Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Félagsmiðstöðin er opin fyrir 8.-10. bekk mánudaga og miðvikudaga frá 19.30-21.30. Einu sinni í mánuði eru svo miðstigsopnanir fyrir 5.-7. bekk frá kl 17:00 til 18:30. Klúbbstarf fer fram utan almenns opnunartíma.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar er að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd. Rauði þráðurinn í starfi félagsmiðstöðvanna á Akureyri er forvarnarstarf í víðasta skilningi þess orðs. Starfsemin er ekki á vegum skólans en starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar vinnur náið með námsráðgjafa, umsjónarkennurum og stjórnendum skólans um ýmsa þætti sem snerta félagslega þátttöku nemenda.

RÝMINGARÁÆTLUN

Í kennslustofum skólans eru teikningar af útgönguleiðum ef hættuástand skapast.

Öryggisnefnd er starfandi í skólanum í henni er öryggistrúnaðarmaður og annað starfsfólk sem skipað er í nefndina. Öryggisnefndin ber ábyrgð á að skipuleggja rýmingaráætlun, kynna hana fyrir starfsfólki og nemendum og koma á æfingum.

Á hverjum vetri eru haldnar nokkrar rýmingaræfingar í samstarfi við Slökkvilið Akureyrar. Öryggisnefndin skipuleggur æfingarnar og gerir umætur ef einhverjir hnökror eru. Rúmar tvær mínútur tekur að rýma skólahúsin.

Öryggisnefndina skólaárið 2015-2016 skipa

Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri

Anna Sigrún Rafnsdóttir, kennari

Ævar Þór Bjarnason, skólaliði

Jóhann Rafn Heiðarsson, húsvörður

Alma Sif Stígsdóttir, hjúkrunarfræðingur

BÓKASAFN

Á bókasafni Síðuskóla eru u.þ.b. 13.000 eintök af bókum og auk þess um 1000 önnur gögn s.s. hljóðbækur, myndbönd, geisladiskar,forrit o.fl.

Skólasafnið er opið alla virka daga frá kl. 8:00-15:00 en opinn útlánstími er frá kl. 8:00-9:00. Útlánur er reynt að sinna allan daginn eftir því sem hægt er vegna annarra starfa. Fjölbreytt starf fer fram á safninu. Markviss safnkennsla er fyrir 2.-7. bekk og ýmis konar verkefnavinna tengd námsefni bekkjanna. Í unglingadeildum eru nemendur aðstoðaðir við upplýsinga- og heimildaleit og þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum. Sögustundir eru fyrir yngstu nemendurna og bókakynningar á nýútgefnum bókum í desember.

Umsjónarmaður skólasafnins er Guðrún Þ. Níelsdóttir.